

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum á fyrsta fundi. Halda skal gjörðabók yfir fundi stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans og hefur æðsta vald í málefnum hans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir styrki úr sjóðnum, þegar hún telur að styrkur þaðan geti numið þeirri fjárhæð að líklegt sé að hann geti komið væntanlegum styrkþegum að notum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir stjórn Sjálfsbjargar, sf. til afgreiðslu og síðan fyrir þing til upplýsingar.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki sjóðsstjórnar.

Skipulagsskrá hans verður ekki breytt nema með samþykki þings Sjálfsbjargar, sf. og skulu tillögur þar að lútandi sæta sömu meðferð og tillögur til breytinga á lögum Sjálfsbjargar, sf. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til Sjálfsbjargar, sf.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestir hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 30. desember 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985-2005, sem staðfest var 14. maí 1987.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði í Hofstaðamýri minnkar og stofnanasvæði austan þess stækkar og verður skóla-, íþrótt- og útivistarsvæði.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar og skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 30. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.